

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi lóðanna Brekkuskógar 9 og 11, Bessastaðahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti hreppsnefnd Bessastaðahrepps þann 12. nóvember 2002 breytingu á deiliskipulagi lóðanna Brekkuskógar 9 og 11 í Bessastaðahreppi. Breytingin felur í sér að í stað þess að byggja á lóðunum einbýlishús á tveimur hæðum að hluta verði heimilt að byggja einbýlishús með aukaíbúð á neðri hæð húsanna. Gerð verður krafa um fimm bílastæði á hvorri lóð í stað þriggja.

Skipulagsuppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Bessastaðahreppi, 28. nóvember 2002.

Gunnar Valur Gíslason sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 699/1996 um innflutning og heildsöludreifingu lyfja.

1. gr.

Við 1. mgr. 34. gr. bætist nýr töluliður:

7) fyrirtækjum, sem hafa leyfi til vélskömmunar lyfja.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 29. nóvember 2002.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Bessastaðahreppi, Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

1. gr.

Af hundum í Bessastaðahreppi, Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi skal Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um hundahald, sbr. 15. gr. samþykktar nr. 154/2000 um hundahald í ofangreindum sveitarfélögum.

2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

Skráningargjald kr. 6.100

Skráningargjald eftir útrunninn frest kr. 9.150

Auk þess skal innheimta eftirlitsgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

Bráðabirgðaskráning kr. 3.000

Auk þess skal innheimta eftirlitsgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem bráðabirgðaskráning gildir.

3. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Einn hundur kr. 9.600

4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald sem hér segir:

Afhending kr. 16.000

Fyrsta afhending skráðs hunds ef eftirlitsgjald og vottorð er í skilum við handsömun kr. 8.000

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrir en að lokinni skráningu.

5. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. grein er 1. febrúar og eindagi 1. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjöld skv. gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlega eftirlitsgjaldið í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

6. gr.

Hafi leyfishafi lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld skv. 3. grein gjaldskrár þessarar um allt að helming, enda mæli ekki önnur atriði á móti því sbr. samþykkt um hundahald nr. 154/2000. Heilbrigðisnefnd er heimilt að fella niður gjöld skv. 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar af leiðsöguhundum blindra, leitar- eða björgunarhundum. Ber að sækja um slíka lækkun eða niðurfellingu gjalda sérstaklega til heilbrigðisnefndar.

7. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af hreppsnefnd Bessastaðahrepps þann 12. nóvember 2002, bæjarstjórn Garðabæjar 22. nóvember 2002, bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar 12. nóvember 2002 og bæjarstjórn Kópavogsbæjar 12. nóvember 2002, staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 919/2001 fyrir hundahald í Bessastaðahreppi, Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

Garðabæ, 22. nóvember 2002.

F.h. heilbrigðisnefndar,

Guðmundur H. Einarsson framkvæmdastjóri.